

**60. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
10. september 2018 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsson dóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fyrir tekið:**

**1. 1711170 - Styrkir vegna menningar- íþróttá- og atvinnumála 2018**

Unnið að fyrstu tillögum að nýjum reglum fyrir úthlutun styrkja vegna menningarverkefna.

*Forstöðumanni er falið að yfirfara reglur í samræmi við umræður á fundinum. Þá er forstöðumanni jafnframt falið að fara yfir stöðu verkefna sem voru styrkt fyrir á árinu því borið hefur á því að ekki hefur orðið af verkefnum.*

**2. 1808107 - Hugmynd að þróunarstarfi á Byggðasafninu í Görðum**

Erindi vísað til nefndarinnar frá bæjarráði.

*Menningar- og safnanefnd þakkar erindð. Unnið er að ýmsum verkefnum á Byggðasafninu í Görðum en ekki eru fyrirhugaðar breytingar í þessa átt.*

**3. 1808141 - Styrkumsókn vegna útgáfu geilsadisks**

Innkomið erindi lagt fyrir nefndina.

*Erindið var tekið fyrir. Málsaðila er bent á að opnað verður fyrir styrkumsóknir til menningarverkefna á vef Akraneskaupstaðar ([www.akranes.is](http://www.akranes.is)) 1. nóvember 2018.*

**4. 1808182 - Nordic reflections samstarfsverkefni**

Forstöðumaður kynnir mögulegt samstarfsverkefni með dönskum listakonum á árinu 2019.

*Forstöðumaður upplýsti nefndina um fyrirhugað samstarfsverkefni við tvær danskar listakonur. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við heimamenn og stefnt að viðburði á 17. júní 2019.*

**5. 1809052 - Vökudagar 2018**

Forstöðumaður kynnir stöðu á verkefni.

*Dagskrá Vökudaga er í vinnslu. Bæjarbúar eru hvattir til að láta vita af viðburðum til forstöðumanns menningar- og safnamála eða með skilaboðum á Facebooksíðu Vökudaga.*

**6. 1809061 - Landsbyggðin og leikhús**

Erindi kynnt fyrir nefndinni.

*Ella M.*

Nefndin þakkar erindið og óskar eftir fjárhagsáætlun og nánari útlistun á verkefninu.

**7. 1809053 - Menningarverðlaun Akraness 2018**

Fyrirkomulag Menningarverðlauna Akraness 2018 rætt.

Ákveðið að fyrirkomulag verði með sama sniði og undanfarin ár. Forstöðumanni falið að kalla eftir tillögum frá bæjarbúum.

**8. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017-2018**

Forstöðumaður kynnir tillögu að verkefnavinnu út frá samþykktri Menningarstefnu.

Umræðum frestað til næsta fundar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:20.**

Helga Kristín Björgólfsson  
Guðrún Ólafur -  
Guðmundur Lárus  
Jeloff P. Pálsson  
Dónella Sigmundsdóttir  
Ella María Gunnarsd.